



**Innsetningarræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
1. ágúst 2004**

Góðir Íslendingar

Þjóðin hefur nú í þriðja sinn falið mér að gegna embætti forseta Íslands og bera ábyrgð og skyldur sem traustinu fylgja.

Þakklæti til fólksins í landinu og virðing fyrir arfleifð Íslendinga og væntingum almennings um farsæla framtíð eru mér efst í huga á þessari stundu.

Árin sem liðin eru frá því ég stóð fyrst í þessum sporum hafa verið lærdómsrík og gefandi, oft erfið en líka auðug af gleðistundum. Vonandi nýtist sú reynsla mér á þeirri göngu sem framundan er. Stuðningur fólks um landið allt, til sjávar og sveita, í þéttbýli og fámennum byggðum, hlýhugur ykkar og velvild hafa veitt mér styrk til að takast á við vandasöm verkefni og ég flyt ykkur öllum einlægur þakkir.

Forsetar Íslands hafa á þeim sextíu árum sem liðin eru frá lýðveldisstofnun oft glímt við flókin úrlausnarefni og verk þeirra og framlag til þjóðarsögu hafa reynst farsæl og leitt til margra ávinninga.

Við hugsum til Sveins Björnssonar og Ásgeirs Ásgeirssonar, Kristjáns Eldjárns og Vigdísar Finnbogadóttur og þökkum gifturík störf þeirra í þjóðarþágu, gæfuna sem jafnan fylgdi gjörðum þeirra.

Embætti forseta Íslands hefur breyst í tímans rás og svo mun einnig verða um ókomin ár. Mikilvægt er þó að varðveita rætur þess í vitund þjóðarinnar og sess þess í stjórnskipun landsins um leið og tekist er á við umbreytingarnar sem einkenna framrás heimsins og framtíð Íslendinga.

Sú veröld sem heilsar okkur á nýrri öld er ærið ólík þeirri sem var, þegar þjóðin kom saman á Þingvöllum fyrir 60 árum til að fagna lýðveldisstofnun og forseti var valinn í fyrsta sinn. Rigningin, sem þá steiptist úr himinhvolfum, reyndist þó forboði grósku og góðrar tíðar, en leitun mun vera að landi sem tekið hefur slíkum framförum sem Ísland á

lýðveldistíma. Sá árangur felur okkur margvíslegar skyldur, bæði við komandi kynslóðir í landi okkar, en einnig við heimsbyggðina, aðrar þjóðir sem glíma við mikinn vanda og vilja gjarnan læra af okkar reynslu.

Við erum nú samábyrg í veröldinni, örlög fólks í öllum álfum samtvinnuð. Tryggðin við heimabyggð og þátttaka í umsköpun heimsins eru leiðarstef sem móta munu lífshlaup unga fólksins. Aldrei fyrr hafa æsku Íslands verið búin slík tækifæri. Aldrei fyrr hefur hún átt betri kost á að vera í senn góður Íslendingur og sannur heimsborgari.

Í umrótinu framundan skiptir sköpum að við varðveitum ræturnar, minningar um uppruna og sögu, tengslin við forfeður okkar og formæður sem helguðu Íslandi æviverkið, áriðandi að arfleifð Íslendinga verði áfram í hugum okkar allra lifandi veruleiki, uppspretta hvatningar og áráðis.

Það var kraftaverk hvernig þjóðinni tókst á fyrri öldum að þrauka þrátt fyrir harðræði, drepsóttir, eldsumbrot, erlenda áþján og innlenda misklið. Þá var vitneskjan um fyrri örlög, bundin í fögur ljóð og forna texta, kveikja vonar og seiglu, atorku og úthalds, mótaði frelsisþrá sem breyttist í þjóðarvitund þegar sjálfstæðisbaráttan varð köllun Íslendinga.

Vissulega er það ævintýri líkast að þjóð, sem var um sextíu þúsund manns þegar piltar í Bessastaðaskóla ræddu um endurreisn íslenskrar tungu og ok hins erlenda valds, skuli nú njóta jafnræðis í samfélagi heimsins, vera öðrum fyrirmynd á mörgum sviðum, búa við þróttmikla menningu, fjölþætt listalíf og skapandi vísindi, opið og öruggt lýðræðislegt samfélag, virðingu fyrir mannréttindum og tækifærum hvers og eins til að þroska getu sína og hæfileika.

Áfangarnir á sjálfstæðisbraut voru margir og örlagaríkir: endurreisn Alþingis, verslunarfrelsi, stjórnarskrá, heimastjórn, fullveldi, lýðveldisstofnun og fyrsta kjör forseta Íslands. Í þeirri för fékkst og aukinn styrkur með framförum í atvinnulífi, samgöngum, tækni og með viðgangi sífellt öflugra menningarlífs.

Frelsisbaráttan birtist ekki aðeins í ættjarðarljóðum og heitri brýningu í ræðu og riti; sterkast hljómaði hún í framfaraviðleitni einstaklinga til sjávar og sveita sem trúðu því í hjarta sínu að hægt væri að búa sér og sínum gott líf í gjöfulu landi.

Við þökkum hinni vösku sveit sem þá stóð í stafni og einnig alþýðu manna sem jafnan veitti það liðsinni sem dugði. Án verka þeirra, hugsjóna og atorku værum við ekki hér í dag.

En sjálfstæðisbaráttu lítillar þjóðar lýkur aldrei og brýnt að við hugum vel að því sem best kann að duga í framtíðinni svo ævintýrið um vegferð Íslendinga geti haldið áfram.

Það eru heillandi viðfangsefni sem blasa við og við eigum nú kost á að láta svo um munar að okkur kveða í veröldinni. Því er í senn fróðlegt og gagnlegt að við spyrjum okkur sjálf:

Hver er okkar framtíðarsýn? Hvert er okkar ætlunarverk? Hvar brennur eldur hugsjónanna?

Hvert á að vera framlag Íslands til umbreytinga á kjörum fólksins vítt og breitt um veröldina, til að efla lýðræði og treysta mannréttindi, til að forða börnum frá dauða og koma sjúkum til heilsu, til að leiðbeina um nýtingu á auðlindum hafsins og orkulindum í iðrum jarðar, til að treysta stoðir sem tryggja frið og öryggi með öllum mönnum?

Hvernig teljum við að Ísland eigi að vera eftir 20 ár, samfélag okkar, menning og athafnalíf? Hvernig fléttum við saman reynslu liðinnar tíðar og tækifærin sem berast hraðfleyg í okkar hendur?

Hvernig sköpum við best samstöðu um hlutverk Íslands í framtíðinni?

Sjálfstæðisbaráttan var á sínum tíma árangursrík vegna þess að ætíð var horft fram á veginn og fjarlæg markmið mótuðu daglega önn.

Á sama hátt ættum við nú í árdaga nýrrar aldar þegar lýðveldið er komið á góðan rekspöl að gefa okkur tóm til að leiða hugann að framtíðarsýn, hefja samræður með þátttöku allra og styðjast við þekkingu og reynslu, bæði okkar sjálfra en líka annarra þjóða sem geta kennt okkur margt.

Hvernig heim viljum við skapa? Hvert er erindi Íslendinga?

Slíkum spurningum svarar þjóðin sjálf. Kjarni lýðræðisins er að forseti, Alþingi og stjórnvöld öll lúti vilja þjóðarinnar og leiðsögn, starfi í þágu markmiða sem hún hefur með samræðum og víðtækri þátttöku gert að sínum.

„Trúin á þjóðina, traust á almenningi, er grundvöllur stjórnskipulags vors“ sagði Ásgeir Ásgeirsson þegar hann tók við embætti forseta hið fyrsta sinn.

Lýðræðisandi Íslendinga er leiðarljósið sem vísar veginn.

Við erum nú heimsborgarar á öllum sviðum og athafnir okkar verða í vaxandi mæli undir smásjá alþjóðasamfélagsins.

Svörin sem við gefum, þau vega og meta aðrar þjóðir. Vandir okkar verður því mikill.

Við munum þó reynast honum vaxin, einkum vegna liðs aukans sem okkur hefur nú bæst frá ungu fólki sem óðum er að hasla sér völl á öllum

sviðum samfélagsins, kynslóð sem þegar hefur náð árangri á heimsvísu í vísindum, listsköpun og athafnalífi.

Menntun og hæfileikar unga fólksins, agi, sjálfstraust og framfarahugur hafa á skömmum tíma fært Íslendingum stórbrotna ávinninga á alþjóðavelli.

Þessi þróun eflir bjartsýni okkar og sóknarhug, trúna á að ævintýrið um framtíð Íslands sé hvorki hulduljóð né tröllasaga heldur bjartur veruleiki, sönnun þess hvað hægt er að gera.

Raunhæf framtíðarsýn, hugsjónarík og byggð á traustri þekkingu er verkefni dagsins, bæði nú og á komandi árum. Það er heillandi verkefni að taka þátt í því með þjóðinni allri að móta slíka framtíðarsýn og gera hana síðan að veruleika.

Ég heiti því á þessari stundu þegar mér er í þriðja sinn falin sú ábyrgð sem fylgir embætti forseta Íslands að vinna að slíkum verkum af heilum huga og öllum kröftum.

Það er gæfa að vera Íslendingur. Við vitum það öll en líka frændfólk okkar í Vesturheimi, afkomendur landnemanna, fólkið sem leggur vaxandi rækt við að styrkja tengsl sín við gamla landið.

Það vita líka þúsundirnar sem hingað hafa nýlega flust frá öllum álfum, staðráðnar í að gera Ísland að ættjörð sinni, nema tungumálið og auðga menningu okkar og siði.

Við upphaf Íslandsbyggðar fyrir röskum þúsund árum skópu landnemar fjölmenningu sem varð frjór jarðvegur sjálfstæðis og þjóðarvitundar, einstæðra heimsbókmennta og samfélags sem átti engan sinn líka í Evrópu. Þeir komu víða að, frá Norðurlöndum, Bretlandseyjum, Írlandi og öðrum svæðum.

Hinir nýju landnemar Íslands sem hingað hafa komið á síðari árum hafa auðgað samfélag okkar að grósku og fjölbreytileika. Þáttur þeirra í umsköpun Íslands mun verða æ ríkari og er það vel.

Það hefur ætíð verið styrkur íslenskrar menningar að þiggja eins og Kristján Eldjárn sagði þegar hann í fyrsta sinn stóð í þessum sporum „frjóvgandi áhrif frá menningu annarra þjóða, hún hefur ekki einangrast, jafnvel á þeirri tíð, þegar landið var langt úr þjóðbraut“.

Við erum nú alþjóðlegri en nokkru sinni og höfum sýnt að við eigum erindi í hóp hinna fremstu, að við skiptum máli þegar þörfin er brýnust. Við stundum hjálparstörf víða um heim, leggjum lið í baráttu gegn fátækt og hungri. Við tökum aukinn þátt í friðargæslu og reynum að miðla af reynslu okkar við að varðveita samfélag án ótta og áleitni, ógnar og vopnaskaks.

Við leitum samstarfs í fjarlægum álfum og höfum tekið forystu um þróun aukinna tengsla á Norðurslóðum.

Allt vitnar þetta um breytta heimsmynd og nýjar áherslur í utanríkismálum, sýnir hvernig lítil þjóð getur látið til sín taka í veröldinni. Það hefði áður þótt framandi hugsun en er nú ögrandi veruleiki.

Samt skiptir miklu að áfram sé óslitinn þráðurinn sem menning okkar og saga, tunga og ættjarðarást hafa spunnið á umliðnum öldum, þráðurinn sem jafnan hefur skapað litríkan vef, táknmynd ævintýrisins um örlög Íslendinga.

Komandi kynslóðir mega ekki glata vitundinni um samhengið í sögu þjóðarinnar og við verðum nú að efla til muna fræðslu og lærdóm í þessu skyni. Traustar rætur eru besta tryggingin fyrir því að Íslandi farnist vel.

Í hönd fara heillandi tímar og Íslendingar eiga vöð á ótal nýjum tækifærum. Framtíðarsýnin þarf að verða sameign okkar allra, heimanfylgja þeirra sem þjóðinni þjóna, leiðsögn á komandi árum.

Forlögin hafa fært okkur einstakt land, víðáttu og fegurð, litadýrð og náttúruundur, öræfi og grösuga dali, straumþungar ár og iðandi fossa.

Við skulum kappkosta að varðveita vel þetta draumaland sem við höfum fengið í arf svo að börn okkar og afkomendur geti um aldur og ævi þakkað þau forréttindi að vera Íslendingur.

Með auðmýkt í hjarta tek ég á ný við ábyrgðinni sem þjóðin færir mér á herðar og heiti því að leita samstarfs við alla sem hafa heill lands og þjóðar að leiðarljósi.

Blessun og gæfa fylgi Íslendingum um alla framtíð.